

## Einar H Kvaran

og Nóbelsverðlaunin.

—o—

Prófessor Sigurður Nordal og Einar H. Kvaran eigast við í „Íðunni“ í vel skrifuðum ritgerðum. Væri enn þá meira gagn og gaman að því að sjá sókn og vörn slíkra snillinga, ef nokkru sáttgjarnlegar hefði ritað verið. En þó er ekki við öðru að búast en Kvaran sé gramt í geði, þar sem hann virðist ætla, að S. N. hafi orðið til að koma í veg fyrir að hann fengi bókmentaverðlaun Nobels. Það hefði nú einmitt verið svo skemtillegt, að hinn aldraði ritsnillingur hefði fengið þessi verðlaun eins og dálitla uppbót fyrir alt það illa sem íslenskur rithöfundur verður að þola umfram samskonar menn í öðrum löndum. Vil eg láta í ljósi þá von, að hér sé að eins um töf að ræða. Þarf varla að efa, að fjöldi Íslendinga mundi telja það rétt og ánægjuefni, að Einari Kvaran væri þessi sómi sýndur af Svía hendi.

Helgi Pjeturss.

## Benedikt G. Waage.

—o—

Frá því að eg fyrst kyntist Benedikt G. Waage, sundgarpinum og íþróttáfrömuðinum, sem allir kannast við, hefi eg þar átt að mæta hugulsemi og drengskap á svo háu stigi, að mér hefir oft komið í hug að segja eitthvað um hann, sem honum gæti verið til gagns og gamans. Er nú sérstök ástæða til þess að eg láti úr þessu verða, og eg hefi fundið hvernig þetta má gera svo að um muni, jafnvel þó að í stuttu máli sé. Benedikt hefir aukið álit mitt á ætt þeirri, sem hann er af. Með þessu er mikið sagt, því að Benedikt er í beinan karllegg af sama manni kominn og Niels Finsen, ekki þó Finni biskupi, heldur Halldóri afa hans, ef eg man rétt það sem sá ættfróði maður, Pétur Zóphóniasson, hefir um þetta ritað.

Benedikt Waage hefir lengi starfað hjá Garðari Gíslasyni, en hefir nú, ásamt bróður sínum, sett á stofn verslun á Laugavegi 18. Vil eg láta í ljósi þá ósk, að þetta fyrirtæki þeirra bræðra megi vel lánast, og hygg að það sé óhætt að hvetja Reykvíkinga og aðra til að skifta við slíka menn sem þeir eru.

Helgi Pjeturss.

Vísir 16 apríl 1926

Vísir 23 jan 1926